

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 479/1993.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

H

(Sigurður Georgsson hrl.)

Líkamsárás. Sératkvæði. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar í heild sinni af ákærðu og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu með áfrýjunarstefnu 22. nóvember 1993. Við munnlegan málflutning í Hæstarétti voru dómkröfur ákærvalds þær, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur, en af hálfu ákærðu var þess krafist, að refsing hennar yrði milduð verulega og refsivist ákveðin að öllu leyti eða hluta skilorðsbundin.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, er varða ákærðu, meðal annars greinargerð yfirsálfræðings unglिंगadeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar um hagi hennar, meðan á gæsluvarðhaldi hennar stóð, og bréf um kennslu hennar á sama tíma.

Enn fremur voru lögð fram læknisvottorð Þóris Ragnarssonar, sérfræðings á heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítalans, dagsett 11. janúar 1994, þar sem lýst er áverkum G, og vottorð Péturs Lúðvígssonar, barnalæknis á Landspítalanum, dagsett 13. s. m., varðandi endurhæfingu og frekari læknis meðferð hennar á Barnaspítala Hringins frá 2. nóvember 1993, en þá útskrifaðist hún af heila- og taugaskurðlækningadeild. Í vottorði sérfræðingsins segir meðal annars: „... tel ég ljóst að G muni búa við verulega varanleg örkuð vegna þessa áverka“. Þá segir í niðurstöðu vottorðs barnalæknisins: „Á þessu stigi verður ekki fullyrt um hversu mikinn bata stúlkan fær. Útlit er þó fyrir að hún muni sitja uppi með verulega fötlun eftir þennan áverka.“

Sannað þykir með framburði ákærðu og vitna, að ákærða og N veittust að G með höggum og spörkum, þar á meðal í höfuð hennar.

Það er álit sérfræðingsins Þóris Ragnarssonar, svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, að ógerningur sé að fullyrða, hvort höfuðáverkin stafi af einu höggi eða fleirum. Hugsanlegt sé, að slíkur áverki komi af litlum höggum eða hnefahöggi í niðurandlit, þótt hann orsakist venjulega af miklum höfuðhöggum. Þegar litið er til þessa og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann um annað en ákvörðun refsingar. Við hana ber sérstaklega að líta til ungs aldurs ákærðu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 3 ára fangelsi.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærðu, sem hún hefur sætt óslitið frá 3. október 1993.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærða skal greiða allan áfrýjunarkostnað máls þessa, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Það athugast, að við fyrstu yfirheyrslu yfir ákærðu hjá rannsóknarlögreglu var þess ekki gætt að kalla til fulltrúa barnaverndaryfirvalda, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, eða skipa ákærðu réttargæslumann, en þetta var sérstaklega brýnt vegna ungs aldurs hennar og hinna alvarlegu sakargifta á hendur henni.

D ó m s o r ð :

Ákærða, H, sæti fangelsi í 3 ár, en frá refsingunni dregst gæsluvarðhald hennar með fullri dagatölu frá 3. október 1993.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ákærða veittist að stúlkunni G á almannafæri, án teljandi tilefnis, og naut til þess fulltingis vinkonu sinnar, sem síðan tók þátt í árás-

inni. Atlaga þeirra var ofsafengin, en erfitt er að fullyrða, hversu langt hún gekk, þar sem stúlkan bar engin ytri merki um meiðsl á höfði, og hin stórfelldu örkuml, sem rakin verða til árásarinnar, geta einnig hlotist af höggi, sem annars yrði talið minni háttar. Þótt ákærða hafi eflaust gert sér óljósa grein fyrir þeirri hættu, sem til var stofnað, verður að miða ábyrgð hennar við þessar afleiðingar árásarinnar, og vegna þeirra er verknaðurinn réttilega talinn varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða er unglingsstúlka, 16 ára að aldri, og enn óþroskuð að mörgu leyti. Hún á sér enga sögu um afbrotahneigð, en hefur löngum búið við erfiðar heimilisaðstæður og átt í misjöfnum félagsskap. Hún þarf nú að horfast í augu við þá þungbæru staðreynd að hafa lagt framtíð rúmlega 15 ára stúlku svo að segja í rúst í einu veffangi, án þess að ætlandi sé, að hún hafi í raun viljað vinna henni varanlegt mein. Brot ákærðu verður að meta svo, að það varði þungri refsingu, og er ég samþykkur því, að hún verði ákveðin 3 ára fangelsi. Með hliðsjón af framansögðu og æsku ákærðu er þó ástæða til að ætla, að refsivist um langan tíma geti reynst henni skaðleg og torveldað henni að takast á við vanda sinn í framtíðinni, en hún á annars fyrir höndum að halda áfram skólagöngu. Er því rétt að fresta fullnustu þeirrar refsingar ákærðu, sem ekki hefur þegar verið tekin út, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga, og falli refsingin niður að 4 árum liðnum, haldi hún almennt skilorð 57. gr. sömu laga. Verði frestunin háð því, að ákærða hlíti umsjónarskilyrði 1. tl. 3. mgr. sömu greinar, og verði henni skipaður sérstakur tilsjónarmaður, er hafi eftirlit með námi hennar, vinnu og tómstundaiðju og leiðbeini henni í hvívetna.

Ég er sammála öðrum dómendum um sakarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 9. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 596/1993: Ákærvaldið gegn H, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. október sl., á hendur ákærðu, H, f. 1977, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfara-

nótt laugardagsins 2. október 1993 á Lækjartorgi í Reykjavík í félagi við N, fædda 1979, ráðist á A, fædda 1978, og slegið hana oft með krepptum hnefa í andlit og bók, togað í hár hennar og sparkað í fætur hennar, kvið og bak og margsinnis í höfuð með þeim afleiðingum, að það blæddi milli heila og heilahimnu við litla heila og heilastofn og missti A meðvitund og hætti að anda í lögreglubúfrið, sem hún hafði áður leitað skjóls í, á leið á slysadeild Borgarspítalans. Blésu lögreglumenn í hana lífi á leiðinni, og hafði hún við komu á spítalann merki mjög alvarlegra truflana á heilastarfsemi vegna heilablæðingarinnar og gekkst þá þegar undir skurðaðgerð, en hefur enn ekki komist til meðvitundar og er alls óvíst um bata.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar“.

N er ósakhæf fyrir aldurs sakir.

Málavextir.

Laugardagsnóttina 2. október sl. var margt fólk á ferli í miðbæ Reykjavíkur og margir ölvadir. Á Lækjartorgi voru á verði þrír lögreglumenn í bíl, þar á meðal Adolf Árnason. Kom þá til þeirra ung stúlka í miklu uppnámi og sagði að þrjár stúlkur, dökkhærðar með meðalsítt hár, hefðu veist að sér og sparkað í höfuð sér, meðan hún lá í götunni. Kvartaði hún um eymsli í höfðinu. Eftir að stúlkan, A, var komin inn til þeirra í bílinn, kenndi hún ógleði, og var þá ekið með hana áleiðis til slysadeildar Borgarspítalans. Á leiðinni þangað kastaði hún upp þrisvar og varð svo rænulaus og hætti loks að anda. Gat Adolf blásið í hana lífi, og var þetta um það bil, sem lögreglubíllinn náði ákvörðunarstað. Var A þá í djúpu dái, og mjög alvarlegar truflanir voru á heilastarfsemi hennar vegna blæðingar milli heila og heilahimnu við litla heila og heilastofn (subdural hematoma í fossa posterior). Var gerð skurðaðgerð í skyndi á höfði hennar vegna þessa. Var A í lífshættu nokkurn tíma.

Að mati Þóris Ragnarssonar, sérfræðings í heila- og taugaskurðlækningum á Borgarspítalanum, sem framkvæmdi aðgerðina, var höfuðhögg orsök blæðingarinnar. Hefur hann komið fyrir dóminn og sagt A hafa orðið fyrir miklum heilaskemmdum með taugalömun og lömun á öllum útlimum. Hafi taugar, sem stjórnir raddböndum, kyngingu og öðru orðið fyrir skemmdum. Sé stúlkan mjög þungt haldin. Telur læknirinn það vera ákaflega ósennilegt að hún nái fullri heilsu aftur. Horfurnar séu dökkar og ekki hægt að slá neinu föstu um það hve mikill varanlegur heilaskaði verður en nokkur bati sé hugsanlegur, einkanlega ef hún fær mikla endurhæfingu og þjálfun og

það þá um margra mánaða skeið. Hugsanlegt sé þó að hún verði áfram í því ástandi sem hún er í dag og jafnvel geti þetta riðið henni að fullu. Stúlkan sé ekki alveg meðvitundarlaus, hún opni augun og sýni svipbrigði. Vegna hinnar miklu lömunar sé ekki hægt að átta sig á því hvert meðvitundarstig hennar sé þar sem hún sé ófær um að tjá sig. Líklegast sé að stúlkan hafi fengið högg aftan á höfuðið, en blæðing af þessu tagi geti einnig orsakast af höggi hvar sem er á höfuðið. Sé óhætt að fullyrða að stúlkan hefði látist þarna um nóttina ef hún hefði ekki komist undir læknishendur, bæði vegna heilaskemmda, öndunarlömunar og blóðþrýstingstruflunar. Sá hluti heilans, sem sé skemmdur, hafi ekki með að gera vitsmuni, sjón eða heyrn enda sé stóri heili óskemmdur. Megi því gera ráð fyrir, að ef stúlkan nái besta hugsanlega bata þá yrðu vitsmunir hennar óskertir. Læknirinn segist ekki hafa séð neina ytri áverka á höfði stúlkunnar þegar hún kom á spítalann. Sé ógerningur að segja til um hvort áverkinn sé af einu höggi eða fleirum, en blæðingar af þessu tagi orsakist venjulega af miklum höfuðhöggum en einnig megi hugsa sér að þau komi af litlum höggum, jafnvel hnefahöggi á niðurandlit. Blæðingin í heila A hafi verið mjög mikil og stafi af því að bláæð yfir litla heila hafi rofnað á þeim stað í höfðinu sem sé viðkvæmastur fyrir höggi. Alls ekki sé óhugsandi að stúlkan hefði getað hlaupið einhvern spöl eftir höggið enda blæðingin úr bláæð og lítill blóðþrýstingur. Geti liðið allt frá nokkrum mínútum upp í nokkra klukkutíma þangað til einkenni slíkrar blæðingar komi fram.

Eftirgrennslan rannsóknarlögreglu leiddi til þess að tvær stúlkur voru handteknar og sakaðar um árásina á A, þær ákærða og N, fædd 1979, til lögheimilis í . . . hér í borginni. Í fyrstu báru stúlkurnar að þær hefðu verið þrjár saman í árásinni á A en könnuðust svo við að það hefðu þær spunnið upp eftir að hafa heyrt að stúlka lægi stórslösuð eftir þær á sjúkrahúsi.

Ákærða hefur sagt að þær N hafi verið staddar hjá Hressingarskálanum en þó nær Lækjargötu þegar stúlka að nafni B hafi komið á tal við sig og sagt að stúlka, sem hún benti á þarna skammt frá, hefði barið C, frænku ákærðu, fyrr um kvöldið. Hafi B beðið sig um að tala við stúlku þessa en verið geti einnig að B hafi beðið sig um að berja stúlkuna. Þær hafi síðan gengið til stúlkunnar og kveðst ákærða hafa spurt hana hvort hún hefði verið að berja stúlkuna. Hafi hún svarað að sér kæmi þetta ekki við og sagt sér að fara burt. Kveðst ákærða þá hafa ýtt við stúlkunni, sem henni var sagt síðar að væri kölluð [...] og kýlt hana á vangann. N hafi svo blandað sér í þetta og sparkað í magann á stúlkunni og kýlt hana í andlitið. Maður hafi komið þarna að og gengið á milli og haldið sér. Hafi stúlkan þá komist frá þeim og á bak við bekk sem þarna er. Þær N hafi ráðist aftur á stúlkuna og

bæði kýlt hana og sparkað í hana. Kveðst hún hafa séð N halda í bringu stúlkunnar eða axlir og beygja hana áfram svo að hún stóð hokin. Hafi N rekið hnéð í stúlkuna en hún geti ekki sagt hvort hnéð kom í andlit hennar eða líkama. Sjálf hafi hún kýlt stúlkuna í öxlina og sparkað í fætur henni. Hafi maðurinn þá gengið aftur á milli. Hafi stúlkan þá getað hlaupið á brott og kveður hún þær B og C, sem þarna voru nærstaddar, hafa sagt þeim að koma og einnig sagt þeim að stúlkan hefði komist í lögreglubíl sem þarna var. Hafi þær B og C farið úr jökkum sínum og sagt þeim að skipta við þær. Kveðst ákærða hafa farið í jakkann af C en seinna um nóttina hafi þær skipst á jökkum aftur.

Ákærða segist hafa verið berhent og slegið með krepptum hnefa. Hafi hnefahögg sín komið í andlit og líkama stúlkunnar, en spörkin hafi komið í maga og fætur. Hún neitar því að hafa sparkað í höfuð stúlkunnar. Þá neitar hún því að þær N hafi haldið í fléttur stúlkunnar, beygt hana fram og sparkað í höfuð hennar, sbr. hér á eftir. Segir hún að ekki hafi verið ætlunin að meiða stúlkuna eða slasa heldur aðeins að taka í hana og hræða hana.

N hefur skýrt frá því að þær ákærða og C og B hafi verið staddar í Austurstræti þessa nótt og hefði ákærða verið „blindfull“ en sjálf hefði hún aðeins verið búin að drekka nokkra sopa af áfengi og fundið á sér. Hafi ákærða þá sagt sér eftir C að þarna væri stúlka sem hefði verið að berja C í unglingavinnunni nú í sumar. Hafi ákærða beðið hana að koma með sér og tala við stúlkuna. Kveðst hún hafa sagt við ákærðu að hún færi ekki að slást en ákærða svarað að hún ætlaði aðeins að tala við hana. Hafi þær allar gengið til stúlkunnar, sem var með ljósar fléttur og stóð hjá bekk fyrir framan sjoppu sem heitir Fröken Reykjavík. Á bekknum hafi setið nokkrar stúlkur, líklega vinkonur hennar. Ákærða hafi spurt stúlku þessa hvað hún hefði verið að angra C. Stúlkan hafi sagt að hún vissi ekki hver þessi C væri eða hvað hún væri að tala um. Ákærða hafi ráðist á stúlkuna og rifið í hárið á henni og hafi stúlkan þá rifið í hár ákærðu. Ákærða hafi svo byrjað að sparka í stúlkuna sem hafi reynt að ýta og sparka á móti til þess að losna frá henni. Kveðst hún þá hafa öskrað á ákærðu að hætta þessu og gengið á milli. Hafi hún þá fengið högg frá ákærðu og við það hafi hún orðið alveg brjáluð og tekið í þær báðar. Telur N að stúlkan hafi haldið að hún væri að ráðast á sig líka, og ýtt við henni svo að hún datt. Kveðst hún þá hafa sparkað nokkrum sinnum í fætur og læri stúlkunnar meðan hún lá. Í þessu hafi borið að nokkra menn og hafi þeir tekið í sig og dregið sig frá. Hafi hún því ekki séð hvað gerðist á milli þeirra um stund. Hún hafi svo fært sig til og þá séð að stúlkan lá í götunni og ákærða stóð hjá henni. Hjá rannsóknarlögreglu kvað hún ákærðu hafa legið ofan á henni. Þær hafi svo stað-

ið upp og stúlkan farið í burtu. Hafi stúlkan kallað eitthvað til þeirra. Þær C og B hafi svo sagt við þær að þær skyldu skipta við þær hinar á jökkum til þess að lögreglan þekkti þær ekki og hafi þær gert það. Þær ákærða hafi svo orðið viðskila við þær.

N segist ekki vita fyrir víst hvar spörk sín komu í stúlkuna, en telur víst að hún hafi ekki getað náð að sparka í höfuð hennar þaðan sem hún lá. Hafi hún ekkert gert annað á hlut stúlkunnar en að sparka í hana í þetta sinn og spörkin komið í fatur stúlkunnar. Hún hafi hvorki sett hnéd í höfuð stúlkunni, kýlt hana né tekið í hárið á henni. Aftur á móti hafi ákærða tekið í hárið á stúlkunni en hún kveðst hvorki hafa séð hana kýla né sparka í höfuðið á henni.

Vitnið . . ., 15 ára, var með vinkonum sínum, A, D, E og F, á Lækjartorgi um kl. tvö til hálfþrjú þessa nótt. Hafi hún þá séð hvar þrjár stúlkur á sama reki og þær, dökkhærðar og dökkklæddar, hafi verið að ýta við A og sparka í hana. Hafi spörkin komið í síðu hennar og aftan á herðablað. Ein þeirra hafi togað í vinstri fléttuna á henni og hafi hún því verið hokin og höfuðið svo neðarlega að auðvelt hefði verið að sparka í það. Hún hafi þó ekki séð að sparkað væri í höfuðið. Þá viti hún ekki til þess að A hafi fallið í götuna. Hún hafi svo misst sjónar á henni vegna fólks sem hnappaðist þarna að. Kveðst hún hafa ætlað að skakka leikinn, en stúlka, sem hefði verið með þeim tveimur, hefði hindrað það. Vitnið gat ekki borið kennsl á stúlkurnar tvær, ákærðu og N, þegar hún sá þær í réttarsalnum við meðferð málsins.

Vitnið B, 14 ára, kveðst hafa verið stödd á mótum Austurstrætis og Pósthússtrætis með þeim C, vinkonu sinni, og ákærðu og stúlku að nafni N. Hafi þær C verið að tala saman um eitthvað en ekki heyrði vitnið hvað. Allt í einu hafi þær ákærða og N hlaupið í áttina að Lækjargötu og þær C á eftir þeim. Hafi þær misst sjónar á þeim fyrir margmenni. Þegar þær nálguðust klukkuna hafi verið slagsmál í gangi þar skammt frá. Þær hafi þó ekki séð sjálf slagsmálin fyrir mannpögu en séð að ákærða og N voru að rífast við tvær stelpur, aðra með ljósar fléttur.

Vitnið C, 14 ára, kannast við að hafa hitt þær ákærðu og N í miðbænum þessa nótt. Hafi hún bent þeim á stúlku að nafni A og sagt að sú hefði verið leiðinleg við sig í unglingavinnunni í sumar. Síðan hafi hún orðið viðskila við þær ákærðu og N og ekki séð þær aftur fyrr en hún var að fara heim um tvöleytið. Þær hafi skipst á jökkum og svo fljótlega aftur.

Vitnið G, 16 ára, hefur skýrt frá því, að um tvöleytið þessa nótt hafi hún

verið stödd við söluúgu „sjoppunnar“ Fröken Reykjavík í Austurstræti. Hafi hún ekki verið undir áhrifum áfengis og muni hún atvikin greinilega. Hafi hún þá séð hvar tvær eða þrjár stelpur stóðu við bekk, sem þar er, og nokkrar aðrar, sem höfðu komið aðvífandi, voru að rífast við eina þeirra, með ljósar fléttur. Vitnið kveðst hafa staðið rétt hjá og enginn verið á milli sín og þeirra. Hafi aðkomustúlkurnar verið að ýta við henni og tvær þeirra tekið í flétturnar, svo að hún varð að beygja sig, og báðar sparkað marg-sinnis og látlaust í höfuð hennar, ekki með hnjánunum heldur fótunum. Vitnið kannaðist við ákærðu í sjón þegar hún sá hana í réttinum og segir hana hafa verið aðra af þessum stúlkum. Hafi hún gengið harðar fram gegn stúlkunni. Vitnið kannaðist aftur á móti ekki við N, þótt hún sæi hana í réttinum. Maður um tvítugt hafi komið þarna að og reynt að skilja þær að en gengið illa, því að þær hafi haldið áfram að sparka, meðan hann var að því. Að lokum hafi stúlkan losnað frá þeim tveimur og farið í áttina til vinkvenna sinna við veitingastaðinn Berlín. Hafi hún þá heyrt einhvern hrópa, að hinar stúlkurnar væru að koma aftur, en þó ekki séð það. Loks hafi hún séð, að sú, sem fyrir árásinni varð, fór að lögreglubíl, sem var þarna á torginu.

Vitnið Sigurbjörn Ottó Björnsson, 19 ára, hefur skýrt frá því að hann hafi verið staddur við sjoppulúgu við Lækjartorg þessa laugardagsnótt, allsgáður. Hafi hann þá séð tvær dökkhærðar stúlkur, á að giska 15-16 ára gamlar, vera að lemja þá þriðju, og hafi sú verið hálfbogin. Önnur þeirra hafi staðið andspænis stúlkunni og virst halda henni niðri á meðan hin stóð til hliðar og barði hana í hnakkann. Kvað hann ákærðu hafa verið aðra þessara stúlkna. Hann hafi svo misst sjónar á stúlkunum í mannfjöldanum í 20-30 sekúndur en svo séð hvar hin árásarkvennanna, þ.e. ekki ákærða, hélt í hár-ið á stúlkunni og skellti höfði hennar niður á hné sér. Ekki hafi hann séð hvað hin aðhafðist á meðan. Skömmu seinna hafi stúlkan, sem ráðist var á, komið til sín og beðið sig ásjár. Hafi hann skýlt henni að baki sér en hinar tvær komið í áttina til þeirra. Hafi þá stúlkan hlaupið á brott og hann ekki séð hana eftir það. Vitnið giskar á að átökin hafi varað í 2-4 mínútur.

Vitnið Arnbjörg Sigurðardóttir, 20 ára, hefur skýrt frá því að hún hafi verið stödd við Berlín og séð 15-16 ára stúlku með ljósar fléttur hrekjast undan annarri á sama reki, dökkhærðri og klæddri í svartan, stuttan leður-jakka. Hafi sú ljóshærða verið grátandi og sagt: „Hvað er að ykkur?“ Stúlk-an hafi hörfað fram hjá vitninu og lengra út á torgið. Sú dökkhærða hafi fylgt á eftir með spörkum og hafi sum þeirra lent í baki þeirrar ljóshærðu. Þegar út á torgið var komið hafi sú dökkhærða náð í hárið á henni, ekki þó í flétturnar, beygt höfuð hennar niður og rekið hnéð tvisvar til fjórum sinn-

um í andlit hennar. Vitnið hafi gengið í burtu og ekki séð hvernig þessu lyktaði. Vitnið sá þær ákærðu og N í réttinum en gat ekki sagt til um hvor þeirra hefði átt þarna hlut að máli. Hún kannaðist þó við svipinn á ákærðu.

Vitnið Jón Arnarson, 30 ára, hefur sagt að hann hafi verið staddur skammt fyrir austan veitingahúsið Berlín í Austurstræti. Hafi hann þá séð þrjár stúlkur koma út úr mannþvögu og hafi tvær þeirra, dökkhærðar og dökkklæddar og önnur þeirra a.m.k. í leðurjakka, verið að elta hina þriðju sem var með ljósar fléttur. Skammt frá vitninu hafi önnur þeirra tveggja náð taki á hári hinnar ljóshærðu, þó ekki í flétturnar, og dregið hana til sín svo að hún hlaut að beygja sig og þá rekið hnéd tvisvar í andlit hennar. Stúlkan hafi verið í hnipri eftir þetta og hafi þá hin dökkhærða stúlkan komið og sparkað einu sinni með fæti í magann á henni. Sú ljóshærða hafi svo flúið frá þeim en hinar elt hana og hafi þær allar horfið sjónum vitnisins út á torgið.

Vitnið T, 15 ára, hefur skýrt frá því að þær vinkonurnar hafi staðið við bekk sem er hjá sjoppunni Fröken Reykjavík. Hafi hún þá heyrt sagt: „Þarna er stelpan sem var að berja frænku mína.“ Hún hafi þá snúið sér við og séð tvær stelpur ráðast umsvifalaust á A. Báðar hafi þær verið dökkklæddar og önnur í leðurjakka og hvítum bol undir. Hafi þær togað í háir hennar og sparkað í hana. Maður hafi komið þarna aðvífandi og sagt A að flýta sér í burtu. Hafi hún þá hlaupið af stað og þær vinkonurnar með henni. Eftir að þær höfðu hlaupið stuttan spöl hafi hinar tvær komið á eftir þeim og ráðist aftur á A. Kveðst vitnið ekki hafa séð vel til í það sinnið fyrir fólki sem hópaðist þarna að. Hún segist ekki myndu þekkja stúlkurnar aftur, þó að hún sæi þær. Ekki treystir hún sér til þess að segja hvor stúlkanna hafi gert hvað á hluta A. Geti hún ekki sagt hvort önnur eða þær báðar hafi sparkað eða slegið hana. Þær hafi þó tekið í hana og beygt hana niður og hafi þær þá líklega haldið í hárið á henni. Vitnið segist ekki vera viss um hvort þær stóðu að þessu saman eða hvort þær skiptust á um að ráðast á hana.

Vitnið EH, 15 ára, hefur skýrt frá því að þær vinkonurnar hafi staðið á tali við sjoppuna Fröken Reykjavík. Hafi þá komið aðvífandi tvær ókunnar stúlkur, dökkklæddar og dökkhærðar. Vitnið kveðst ekki muna eftir því hvernig stúlkurnar litu út. Önnur stúlkan hafi verið öll dökkklædd en hin í svörtum jakka og hvít-skrápóttum buxum. Hafi önnur þeirra sagt að A hefði verið að berja frænku hennar í sumar. Þær hafi farið að ýta við A og nánast strax að sparka í hana. Hafi spörkin komið í fætur henni og upp eftir henni. A hafi hrakist undan þeim og reynt að bera fyrir sig hendurnar. Þær

vinkonurnar hafi reynt að fylgja þeim eftir en engu áorkað fyrir þvögunni, sem þarna varð, og eiginlega misst sjónar á A. Maður um tvítugt hafi komið þarna að og hafi hann haldið í A og sagt þeim að hlaupa með hana á brott. Þær dökkklæddu hafi komið aftur aðvífandi og ráðist að nýju á A. Kveðst vitnið ekki geta sagt hvort einhver munur hafi verið á atlöfum stúlkanna eða hvor gerði hvað. Kveðst hún þá hafa misst sjónar á henni í mannfjöldanum og ekki séð hana aftur.

Vitnið IH, 16 ára, var í miðbænum þessa nótt. Þegar hann gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst hann ekkert hafa séð af átökunum. Hér fyrir dómi breytti hann frásögn sinni og kvaðst hafa séð báðar stúlkurnar veitast að A með spörkum og eins hafi þær tekið í hana og tuskast við hana. Ekki hafi hann séð nein hnefahögg. Hafi hann aðeins séð upphaf átakanna þar sem þarna hafi verið margt fólk sem hafi skyggt á. Eitthvað af spörkunum hafi lent á fótum stúlkunnar en mjög mörg hafi geigað. Vitnið kveðst ekki vera viss um hvort spörk hafi lent í höfði stúlkunnar. Hann segist ekki hafa séð að stúlkan hafi verið hokin eða bogin þegar hún fékk spörkin í sig. Hann segir enn fremur að þær hafi elt hana þarna um. Vitnið segist svo hafa séð stúlkuna hlaupa að lögreglubílnum og berja hann að utan. Hafi hann þá ekki séð neina áverka á henni.

Vitnið L, 14 ára, kveður ákærðu og N hafa verið að rífast við ljóshærðu stúlkuna og hún svarað fyrir sig. Hafi þetta færst í aukana og þær sparkað í fætur stúlkunni en hún svarað í sömu mynt. Kveðst vitnið hafa séð að N sparkaði í höfuð stúlkunnar. Vitnið segist muna eftir því að togað hafi verið í hárið á stúlkunni en ekki hafi hún séð að sparkað hafi verið í höfuð hennar þá. Vitnið kveður sig muna að stúlkan hafi staðið eitthvað bogin þegar N sparkaði í höfuðið á henni. Vitnið kveðst telja að N hafi sparkað með vinstra fæti og hafi höggið komið hægra megin í höfuð stúlkunnar. Ekki muni hún vel eftir þessu og geti ekki sagt hvort einhver hafi haldið í hana eða beygt hana áfram þegar hún fékk sparkið. Skömmu eftir þetta spark hafi maður komið að og skakkað leikinn. Stúlkan hafi svo hlaupið burt og horfið í mannfjöldann. Vitnið kveður ákærðu hafa verið svo drukknar að hún hefði ekki getað gert mikið. Ekki muni hún hvort ákærða hafi slegið stúlkuna en a.m.k. hafi hún ekki slegið hana í höfuðið.

Niðurstæða.

Rækilega hefur verið leitt í ljós með skýrslum ákærðu, N og sjónarvotta, að þær ákærða veittust saman að A með höggum og spörkum, þar á meðal í höfuð hennar. Þá er það einnig vafalaust, að ákærða og N áttu fullan og óskiptan hlut að árásinni. Ekkert verður fullyrt um hvaða högg eða spörk

þeirra ollu hinum mikla áverka sem hún fékk af árásinni en það er hafið yfir allan vafa að þeir stafa af henni. Ber að sakfella ákærðu fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Viðurlög.

Ákærða er sakhæf. Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur hún ekki sætt refsingu áður. Refsinguna ber annars vegar að meta með hliðsjón af ungum aldri hennar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður að miða við það, að A nái nokkrum bata, eins og Þórir Ragnarsson læknir telur hugsanlegt. Er þá ekki á ákærðu hallað. Á hinn bóginn verður að líta til þess, að þær N veittust hrottalega og tilefnislaust að stúlkunni, að árásin stóð nokkra stund og þær sóttu að henni og létu sér ekki segjast þótt gengið væri á milli. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 5 ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 3. október sl., 37 daga.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun til Péturs Þórs Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, sem skipaður var verjandi hennar 3. október sl., 100.000 krónur.

Guðjón Ólafur Jónsson, fulltrúi ríkissaksóknara, sótti málið fyrir ákæruvaldið.

D ó m s o r ð:

Ákærða, H, sæti fangelsi í 5 ár. Frá refsingunni dregst 37 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun til Péturs Þórs Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 100.000 krónur.